


Mynd 7.



Þegar markmið er sett þarf að vera hægt að meta á einhvern hátt hvort það hafi náðst eða ekki. Í þessu tilviki skal stefnt að því að fjölgun gistingu verði á næstu þremur árum a.m.k. 1% yfir landsmeðaltali. Þá þarf einnig að meta árangurinn með annarri spurningakönnun meðal ferðaðjónustuaðila, eins og þeirri sem unnin var fyrir þetta verkefni. Slík könnun myndi geta gefið nokkra mynd af því hvaða breytingar hefðu orðið á þeim tíma. Gistiskýrslur Hagstofunnar ættu að geta sagt nokkra sögu um hvernig tekist hafi til. Minna ber þó á að forsendur þess að einhverjar breytingar verði til hins góða eru að sjálfsögðu fölgnaðar í því að unnið verði að þeim úrbótum sem eru nauðsynlegar til að skapa betri grundvöll fyrir atvinnugreinina, og sníða af henni þá vankanta sem eru til trafala.

9. FRAMKVÆMDAÁÆTLANIR

Hin ofanverða tuttugasta öld er ekki tími kraftaverka. Hann er löngu liðinn. Framtíð ferðaþjónustu á þessu svæði er í höndum þeirra sem reka hana. Stórvirki verða ekki unnin á skömmum tíma, heldur verður að vinna jöfnum höndum að úrbótum sem skapa greininni betri skilyrði. Úrbæturnar þurfa að koma innanfrá, og þær taka sinn tíma.

Ýmis vandamál ferðaþjónustunnar á þessu svæði eru þeirrar gerðar að ekki verður að svo stöddu hægt að hreyfa mikið við þeim. Er það ýmsar hliðar samgöngumála og vöntun á heilsársgistingu á Sauðárkróki, svo nokkuð sé nefnt. En af nokkru er að taka og hér koma tillögur um leiðir og úrbætur sem vinna verður á næstu tveimur árum.

9.1 Tillögur

Tillögunum er skipt lauslega niður í svið eða flokka samsvarandi við það sem sést á stefnutrénu á blaðsíðu 51. Þessir flokkar eru merktir með bókstöfum A, B, C, D og E.

A. Til að styrkja ímyndina

1. Fylgjast verður með að gróður og náttúruvernd sé í hávegum höfð, og er þá sérstaklega átt við fjölsóttu ferðamannastaði eins og Drangey, Glaumbæ og Hóla, svo eitthvað sé nefnt. En einnig unnið almennt að umhverfismálum og snyrtimennsku. Kanna þyrfti í samráði við náttúruverndarnefndir hver staðan er í þessum málum.
2. Vinna þarf almennt að aukningu á möguleikum til afþreyingar í Varmahlíð, t.d. mætti athuga möguleikana á að reisa völl fyrir Mini-golf.
3. Kannaður verði vilji fyrirtækja á Sauðárkróki til að taka við ferðamönnum, og sýna þeim og kynna starfsemi sína. Þetta gæti einnig átt við skólafólk.
4. Kanna þarf leiðir til að vekja áhuga sögukennara í landinu á söfnum og söguslóðum á svæðinu, og einnig verði kannað hvort ekki sé hægt að fá ferðir skólafólks á söguslóðir greiddar af einhverju leyti af ríkinu.

B. Til að uppræta veikleika

1. Koma þarf á reglulegum námskeiðum fyrir fólk í ferðaþjónustu. Hugsanlega í samvinnu við Hólaskóla eða Farskóla Norðurlands vestra.
2. Koma þarf á námskeiði fyrir svæðisleiðsögumenn.
3. Gera þarf áttak í merkingu gönguleiða, og gefa út kort með slíkum leiðum. Hægt væri að hafa í huga ýmis fjöll sem eru ekki of erfið uppgöngu, leiðir á Tröllaskaga, og stuttar leiðir í kringum byggðakjarna
4. Bæta verður aðstöðu á tjaldsvæðum, sérstaklega í Varmahlíð og á Sauðárkróki, og vinna að heildarúttekt á þeim málaflakki.
5. Vinna þarf að lengingu opnunartíma safna, og annarra afþreyingarmöguleika.
6. Kanna þarf möguleikann á að koma á skemmti og skoðunarsiglingum um Skagafjörð. Slíkar skoðunarferðir hafa gengið afar vel frá Húsavík og Stykkishólmi
7. Kanna verður stöðu vegaförkvæmda við Siglufjarðarveg, Skagaveg, Lágheiði og Þverárfjall, og reyna að þrýsta þar á.
8. Kannað verði hvernig staðan er varðandi merkingar á athyglisverðum stöðum, og vegamerkingar.
9. Kannaður verði vilji stéttarfélaganna, annarra samtaka og fyrirtækja til að reisa orlofshús í Skagafirði, og möguleikarnir á að leigja þau sumarhús sem nú eru til staðar einhverjum slíkum aðilum á ákveðnum tímum.
10. Kanna þarf stöðuna varðandi heilsárshótel á Sauðárkróki
11. Athuga þarf vilja Búnaðarbankans til að setja upp hraðbanka í Varmahlíð til þess að gera erlendum ferðamönnum gjaldeyrisskipti auðveldari, og auka þjónustuna við íslenska ferðamenn.
12. Kanna þarf möguleikana á að auka framboð á afþreyingu á Sauðárkróki yfir háannatímamann. Einnig þarf að gera slíkt hið sama varðandi Siglufjörð utan síldarhátíðarinnar.

13. Kanna þarf stöðuna í veitingamálum, sérstaklega á Hofsósi, og vinna að úrbótum.
14. Kanna þarf möguleikana á að flytja Náttúrugripasafnið í aðgengilegra húsnæði

C. Til þess að nýta sterkar hliðar

1. Stefna þarf að ákveðnum föstum liðum yfir sumartímamann í Skagafirði, ekki endilega stórum skipulögðum hátíðahöldum, heldur einhverjum föstum lið sem kemur inn á ímynd og ef til vill sögu héraðsins. Einhverskonar sumarsæluvika væri í þessu tilliti góður kostur. Þá mætti einnig hugsa sér sumarsæluhelgi í einhverri mynd. Aðalatriðið er að kostnaðarliðirnir verði ekki of háir.

D. Til að forðast hættur eða ógnanir

1. Vinna þarf að stofnun heildarsamtaka um ferðaþjónustu á svæðinu, með samruna ferðamálanefnda sveitarstjórna og hagsmunasamtaka. Þetta ætti að gefa skipulegri vinnubrögð og meiri skilvirkni í þessum málum.
2. Ferðamálafélagið skipar með sér nefnd sem tekur auglýsinga og markaðsmál til gagn Gerrar endurskoðunar, til þess að nýta megi betur fjármagn það sem varið er til markaðssetningar. Einnig þarf nefndin að reyna að vinna að því að fá meira fé til markaðssetningar. Einnig þarf að koma upp auglýsingum á Alnetinu
3. Vinna þarf að útgáfu kynningarefnis fyrir ferðamenn varðandi síldarhátíðina. Sérstaklega er hér átt við erlenda ferðamenn.
4. Vinna þarf að því áfram að reyna að fá erlend skemmtiferðaskip til að hafa viðdvöl á Sauðárkróki. Ferðamennina mætti svo fara með í ferð um svæðið allt. Bæjaryfirvöld hafa unnið eitthvað í þessu máli.
5. Gera þarf framtíðarskipulag fyrir kvosina á Hofsósi, með ferðaþjónustu sérstaklega í huga.

E. Til að nýta möguleikana

1. Setja þarf upp safn tengt íslenska hestinum og sögu hans. Hvar nema í Skagafirði ætti slíkt að vera hægt. Líklegur staður væri Sauðárkrókur. Hægt væri að bjóða ýmsa aðra þjónustu samhliða, t.d. sölu minjagripa og möguleika á að skreppa á bak.
2. Athuga þarf hvort að grundvöllur sé til að koma á námskeiðum í hestamennsku fyrir útlendinga. Námskeiðið fælist þá í að þekkja eiginleika hestsins, reiðmennsku og umhirðu. Hólar kæmu sterklega til greina.
3. Vinna þarf að því að koma á sviðssetningu atriða, sem tengjast sögu og / eða menningu Skagafjarðar. Þar gæti verið um að ræða atriði eins og bjargsig í Drangey, og leikin söguleg atriði sem tengjast Hólum eða Glaumbæ.
4. Skipuleggja þarf leiðir til að nýta betur sögustaðina, t.d. með útgáfu á kynningarefni yfir sögustaðina, námskeiðum í sögu, ráðstefnum um sögurnar og leiðsögn um sögustaði.
5. Hrinda þarf í framkvæmd þeirri hugmynd að taka upp safnapassa á svæðinu. Gestir gætu þá keypt einn passa sem gildi í öll söfn á svæðinu. Það gæti örvað fólk til að skoða fleiri en eitt safn.
6. Athuga þarf möguleikana á að koma á fót körfuboltamóti í líkingu við pollamótin í fótbolthanum, sem hafa verið afar vinsæl undanfarin ár.
7. Kanna þarf möguleikana á að bjóða dorgveiði á veturna, og í tengslum við það vélsleðaferðir.
8. Vinna þarf að samsetningu ýmiskonar pakkaferða, og vinna að því að koma þeim á framfæri við ferðaskrifstofur. Einnig mætti reyna að koma á framfæri hvataferðum.
9. Setja þarf saman eina stutta skoðunarferð um svæðið, og auglýsa hana.
10. Koma þarf Skagafirði inn í sumartónleikaröðina sem verið hefur hingað til eingöngu bundin við Norðurland eystra.
11. Skoða þarf möguleikana á að nýta betur ráðstefnuaðstöðu þá sem er að finna í Bóknámshúsinu á Sauðárkróki.

Framkvæmdaáætlun fyrir ferðaþjónustu í Skagafirði og á Siglufirði	
Framkvæmd: A.1. Náttúruvernd	Markmið: I - II - III
	Stefna: A. Styrkja ímyndina
Ábyrgðaraðili: Ákveðinn af ferðamálafélaginu	
Samstarfsaðilar: Náttúrverndarnefnd, Jón Eiríksson, Sigríður Sigurðard. minjavörður, heilbrigðisfulltrúi o.fl.	
Framkvæmdarlýsing - hugmyndir: Vernda þarf náttúruna og gróðurinn á fjölsóttum stöðum eins og Drangey, Glaumbæ, Hólum og á Siglufirði um síldarhátíðina Þá er einnig nauðsynlegt að vinna almennt að umhverfismálun og snyrtimennsku. Ferðamálafélagið þarf að vinna úttekt að þessum málaflökki og koma með tillögur um úrbætur.	
Tímaáætlun: Mál framtíðarinnar, og aldrei má slaka á, en miða ætti úttektina við haustið 1996	
Kostnaðaráætlun - fjármögnun: Kostnaður yrði lítill, en nokkur sjálfböðavinna yrði að fylgja	

Framkvæmdaáætlun fyrir ferðaþjónustu í Skagafirði og á Siglufirði

Framkvæmd:

A.2. Afþreying í Varmahlíð

Markmið:

I - II - III

Stefna:

B. Uppræta veikleika

Ábyrgðaraðili:

Ákveðinn af ferðamálafélaginu

Samstarfsaðilar:

Hreppsnefnd, Kaupfélagið og aðrir ferðaþjónustuaðilar

Framkvæmdarlýsing - hugmyndir:

Nauðsynlegt er að auka framboð á afþreyingu í Varmahlíð, þar sem það er helsti viðkomustaður ferðamanna í Skagafirði.

Hægt er að skoða ýmsa möguleika, en þjónustan þarf að vera þannig að hún sé aðgengileg og kosti ekki mikið.

T.d. er möguleiki að setja upp völl fyrir mini-golf til að byrja með.

Tímaáætlun:

Hægt væri að miða við sumarið 1997

Kostnaðaráætlun - fjármögnun:

Kostnaðurinn yrði að greiðast með sölu á aðgangi.

Framkvæmdaáætlun fyrir ferðaþjónustu í Skagafirði og á Siglufirði	
Framkvæmd: A.3. Skoðun á fyrirtækjum	Markmið: I - II - III
	Stefna: A. Styrkja ímyndina
Ábyrgðaraðili: Skipaður af ferðamálafélaginu	
Samstarfsaðilar: Fyrirtæki á Sauðárkróki og Siglufirði	
Framkvæmdarlýsing - hugmyndir: Kanna þarf þann möguleika að gefa útlendingum tækifæri á að skoða fyrirtæki, og kynnast lítillega starfsemi Eingöngu gæti verið um hópa að ræða hagkvæmninnar vegna, en þetta gæti nýst bæði fyrirtækjunum sem fengju tækifæri til að kynna starfsemi sína á nýjum vettvangi, og gæti einnig verið liður í að auka afþreyingarmöguleika Athuga ætti þennan möguleika líka fyrir skólafólk	
Tímaáætlun: Einhver svör ættu að liggja fyrir vorið 1997	
Kostnaðaráætlun - fjármögnun: Kostnaður er ekki mikill, en felst aðallega í vinnu og símakostnaði	

Framkvæmdaáætlun fyrir ferðaþjónustu í Skagafirði og á Siglufirði

Framkvæmd:

A.4. Kynning á sögunni

Markmið:

I - II - II

Stefna:

A. Styrkja ímyndina

Ábyrgðaraðili:

Ákveðinn af ferðamálafélaginu

Samstarfsaðilar:

Ferðamálafulltrúi

Framkvæmdarlýsing - hugmyndir:

Góð leið til að kynna sögustaðina í Skagafirði, og síldarsöguna á Siglufirði gæti verið að kynna hana fyrir sögukennurum í landinu.

Hægt væri að senda sögukennurum, bæði á grunn og framhaldsskólastigi, bréf þar sem vakin væri athygli á þessu.

Í tengslum við það mætti kanna hvort ekki væri leið til að fá ríkið til að greiða að einhverju leyti skoðunarferðir á söguslóðir sem hluta af námsefninu



FERÐAMÁLARÁÐ ÍSLANDS

Tímaáætlun:

Miða ætti við að þessari athugun væri lokið haustið 1996

Kostnaðaráætlun - fjármögnun:

Kostnaður er ekki mikill, en aðallega í formi vinnu, og pósthúðargjalda

Framkvæmdaáætlun fyrir ferðaþjónustu í Skagafirði og á Siglufirði	
Framkvæmd: B.1. Námskeiðahald	Markmið: I - II - III Stefna: B. Uppræta veikleika
Ábyrgðaraðili: Ákveðinn af ferðamálafélaginu	
Samstarfsaðilar: Bændaskólinn á Hólum, Farskóli NV	
Framkvæmdarlýsing - hugmyndir: Námskeið myndu auka þekkingu þeirra sem starfa í greininni, og það myndi geta skilað sér í faglegri vinnubrögðum, ánægðari ferðamönnum, og betri rekstri Námskeiðin gætu verið yfir helgi eða þrjú daga. Þar yrði fjallað um markaðsmál, umhirðu og umgengni við ferðamenn og ýmis praktísk atriði Fyrirlesarar yrðu að vera að einhverju leyti aðkomnir	
Tímaáætlun: Námskeið í nóvember 1996, en stefna skal að annarskonar námskeiði haustið 1997	
Kostnaðaráætlun - fjármögnun: Kostnaðurinn yrði að greiðast með þátttökugjöldum	

Framkvæmdaáætlun fyrir ferðaþjónustu í Skagafirði og á Siglufirði

Framkvæmd:

B.2. Námskeið eða nám í svæðisleiðsögn

Markmið:

I

Stefna:

B. Uppræta veikleika

Ábyrgðaraðili:

Skipaður af ferðamálafélaginu

Samstarfsaðilar:

Fjölbrautaskólinn, Leiðsögumannaskóli Íslands, ferðamálafulltrúi

Framkvæmdarlýsing - hugmyndir:

Alltaf er skortur á leiðsögn um svæðið, og ekki hefur neinn ennþá sérmenntað sig í þessu svæði.

Hægt væri að nokkru leyti að bæta úr vandanum með því að koma á námskeiði, þar sem fengnir yrðu kennarar að til að kenna undirstöður leiðsagnar, og fróðir menn um svæðið myndu kynna hvað er að sjá.

Tímaáætlun:

Stefnt er að því að halda slíkt námskeið veturinn 1996-1997.

Kostnaðaráætlun - fjármögnun:

Kostnaður er mikill, og yrði hann að greiðast að einhverju leyti af þátttakendum, og opinberum aðilum

Framkvæmdaáætlun fyrir ferðaþjónustu í Skagafirði og á Siglufirði	
Framkvæmd: B.3. Átak í gönguleiðum	Markmið: I - II - III Stefna: B. Uppræta veikleika
Ábyrgðaraðili: Ákveðinn af ferðamálafélaginu	
Samstarfsaðilar: Ferðafélag Skagafjarðar, Ferðafélag Siglufjarðar og sveitarfélög	
Framkvæmdarlýsing - hugmyndir: Merking á gönguleiðum er mikilvægt atriði Í því þarf ekki að felast að varða verði leiðirnar milli A og B, heldur er hægt að leysa málið með útgáfu á korti þar sem leiðirnar eru sýndar Kortið yrði unnið í samvinnu við Ferðafélag Skagafjarðar, en hönnun yrði að vera aðkeypt Hugsanlega mætti selja kortið gegn vægu gjaldi, en hafa í staðinn afslátt á gistingu og mat.	
Tímaáætlun: Lokið fyrir vorið 1997	
Kostnaðaráætlun - fjármögnun: Kostnaður er mikill við prentun og hönnun en hann mætti greiða með auglýsingum	

Framkvæmdaáætlun fyrir ferðaþjónustu í Skagafirði og á Siglufirði

Framkvæmd:

B.4. Bæta aðstöðu á tjaldsvæðum

Markmið:

I - II

Stefna:

A / B. Styrkja ímynd og uppræta veikleika

Ábyrgðaraðili:

Ferðamálafélagið

Samstarfsaðilar:

Eigendur og rekstraraðilar tjaldsvæða, heilbrigðisfulltrúi

Framkvæmdarlýsing - hugmyndir:

Aðallega brennur á að bæta tjaldsvæðin á Sauðárkróki og í Varmahlíð

Laga þarf hreinlætisaðstöðu í Varmahlíð, og bæta aðgengi fyrir tjaldvagna

Finna þarf leiðir til að draga úr ónæði á Tjaldsvæðinu á Sauðárkróki

Þá væri og hægt að búa til staðal yfir tjaldsvæði sem væri í tvennu til þrennu lagi. Stefna yrði að því að svæði af bestu gerð yrðu allavega á Hólum, Sauðárkróki, Siglufirði og í Varmahlíð.

Tímaáætlun:

Hefjast þarf handa við þetta eins fljótt og auðið verður og ljúka því fyrir sumarið 1997

Kostnaðaráætlun - fjármögnun:

Kostnaður yrði að vera í höndum eigenda tjaldsvæðanna

Framkvæmdaáætlun fyrir ferðaþjónustu í Skagafirði og á Siglufirði	
Framkvæmd: B.5. Lenging á opnunartíma safna, og annarrar afþreyingar	Markmið: II - III Stefna: B. Uppræta veikleika
Ábyrgðaraðili: Ákveðinn af ferðamálafélagi	
Samstarfsaðilar: Yfirstjórn safnamála og þeir sem selja afþreyingu	
Framkvæmdarlýsing - hugmyndir: Flest söfn eru nú aðeins opin yfir sumartímann Hægt væri að hafa sum þeirra opin lengri tíma í kringum háönn, t.d. Víðimýri, Hóla og Glaumbæ. Önnur söfn væri hægt að hafa opin allt árið Sumir þeir aðilar sem bjóða afþreyingu gætu einnig aukið þjónustu sína með því að hafa opið allt árið. Mælt er með að opnunartíminn yrði lengdur smátt og smátt. T.d. yrði bætt við viku til að byrja með, og árangurinn síðann metinn	
Tímaáætlun: Haustið 1996, ættu svör að liggja fyrir	
Kostnaðaráætlun - fjármögnun: Kostnaður verður að greiðast af söfnunum sjálfum og yfirstjórn safnamála, en á móti koma auknar tekjur	

Framkvæmdaáætlun fyrir ferðaþjónustu í Skagafirði og á Siglufirði

Framkvæmd:

B.6. Skemmtisiglingar

Markmið:

I

Stefna:

B. Uppræta veikleikana

Ábyrgðaraðili:

Ákveðinn af ferðamálafélaginu

Samstarfsaðilar:

Áhugasamir ferðaþjónustuaðilar

Framkvæmdarlýsing - hugmyndir:

Það þarf að kanna möguleikann á skemmti og skoðunarsiglingum á Skagafirði og ef til vill Siglufirði á yfirbyggðum báti.

Slíkar ferðir hafa gengið afar vel annarsstaðar, eins og t.d. á Breiðafirði og Skjálfaflóa

Áætlunin yrði aðeins viðmiðun, en auðvitað ræðst þetta mikið af duttlungum veðursins, og áætlun yrði fylgt miðað við möguleika vegna veðurs.

Tímaáætlun:

Fyrir sumarið 1997

Kostnaðaráætlun - fjármögnun:

Kostnaður nær enginn við athuginina, en stofna þyrfti félagsskap um hugsanlegt fyrirtæki

Framkvæmdaáætlun fyrir ferðaþjónustu í Skagafirði og á Siglufirði	
Framkvæmd: B.7. Staðan í vegabótum	Markmið: I - II - III
	Stefna: B. Uppræta veikleika
Ábyrgðaraðili: Ákveðinn af ferðamálafélaginu	
Samstarfsaðilar: Vegagerðin, Samgönguráðuneytið	
Framkvæmdarlýsing - hugmyndir: Kanna þarf hver staðan er í vegamálum á svæðinu, og ýta á eftir framkvæmdum. Aðallega ríður á að bæta Siglufjarðarveg, Þverárfjallsveg, Skagaveg og veginn um Lágheiði.	
Tímaáætlun: Sennilega mál framtíðarinnar, en svör ættu að geta legið fyrir uppúr áramótum 1996 - 97	
Kostnaðaráætlun - fjármögnun: Kostnaður sáralítill	

Framkvæmdaáætlun fyrir ferðaþjónustu í Skagafirði og á Siglufirði

Framkvæmd:

B.8. Vegamerkingar

Markmið:

I - II

Stefna:

B. Uppræta veikleika

Ábyrgðaraðili:

Ákveðinn af ferðamálafélaginu

Samstarfsaðilar:

Vegagerð ríkisins

Framkvæmdarlýsing - hugmyndir:

Ferðamálafélagið þarf að beita sér fyrir því að athyglisverðir staðir verði betur merktir í framtíðinni.

Kanna þarf almennt stöðuna í þessum málum hjá vegagerðinni

Tímaáætlun:

Einhver svör ættu að geta legið fyrir um haustið 1996

Kostnaðaráætlun - fjármögnun:

Kostnaður sáralítill

Framkvæmdaáætlun fyrir ferðaþjónustu í Skagafirði og á Siglufirði	
Framkvæmd: B.9. Orlofshús/Sumarhús	Markmið: I - II - III
	Stefna: B. Uppræta veikleika
Ábyrgðaraðili: Ákveðinn af ferðamálafélagi	
Samstarfsaðilar: Ferðamálafulltrúi, eigendur sumarhúsa á svæðinu, þeir sem hafa áhuga á að reisa þau og sveitarstjórnir	
Framkvæmdarlýsing - hugmyndir: Kanna þarf hvort ekki sé grundvöllur fyrir því að stéttarfélög, fyrirtæki, stofnanir og ýmis hagsmunasamtök reisi hér á svæðinu orlofshúshús fyrir félagi eða starfsmenn. Mörg vinsælustu svæðanna eru orðin þétt setin, og því hafa e.t.v. einhverjir hugsað sér að leita annað. Einnig mætti skoða möguleikann á því að eigendur sumarhúsa á svæðinu gætu leigt þessum aðilum hús sín á ákveðnum tímum, og fengið þannig öruggari nýtingu.	
Tímaáætlun: Svör ættu að geta legið fyrir vorið 1997	
Kostnaðaráætlun - fjármögnun: Kostnaðurinn yrði að mestu fölginn í pósti og símakostnaði	

Framkvæmdaáætlun fyrir ferðaþjónustu í Skagafirði og á Siglufirði

Framkvæmd:

B.10. Staðan varðandi heilsárshótel

Markmið:

II - III

Stefna:

B. Uppræta veikleika

Ábyrgðaraðili:

Ákveðinn af ferðamálafélaginu

Samstarfsaðilar:

Áning, Friðrik Jónsson byggingameistari, Bæjaryfirvöld á Sauðárkróki, Kaupfélag Skagfirðinga

Framkvæmdarlýsing - hugmyndir:

Heilsárshótel er nauðsynlegt fyrir jafn stóran bæ og Sauðárkrók

Þegar hefur verið úthlutað lóð til Friðriks Jónssonar, en K.S. og Áning hafa einnig lýst yfir áhuga á málinu

Kanna verður í hvaða farvegi þetta mál er, og ýta þarf á um að ákvörðun verði tekin

Tímaáætlun:

Svör ættu að liggja fyrir veturinn 1996 - 97

Kostnaðaráætlun - fjármögnun:

Kostnaður við þessa athugun er lítill

Framkvæmdaáætlun fyrir ferðaþjónustu í Skagafirði og á Siglufirði	
Framkvæmd: B.11. Hraðbanki í Varmahlíð	Markmið: I - II - III Stefna: B. Uppræta veikleika
Ábyrgðaraðili: Ákveðinn af ferðamálafélagi	
Samstarfsaðilar: Búnaðarbanki Íslands, hreppsnefnd Seyluhrepps	
Framkvæmdarlýsing - hugmyndir: Hraðbanki gæti auðvelda ferðamönnum mjög að nálgast peninga í íslenskum gjaldmiðli utan opnunartíma banka. Raunar eru slíkir hraðbankar mun þægilegri en almenn gjaldeyrisskipti. Ferðamenn hafa kvartað nokkuð yfir því að erfitt sé að skipta peningum í Varmahlíð utan venjulegs afgreiðslutíma banka. Bankinn gæti einnig nýst bæði innlendum ferðamönnum, og heimamönnum.	
Tímaáætlun: Svör ættu að geta legið fyrir vorið 1997	
Kostnaðaráætlun - fjármögnun: Kostnaðurinn yrði alfarið bankans, en ávinningur hans yrði líka nokkur	

Framkvæmdaáætlun fyrir ferðaþjónustu í Skagafirði og á Siglufirði

Framkvæmd:

B.12. Afþreying á Sauðárkróki og Siglufirði

Markmið:

I - II - III

Stefna:

B. Uppræta veikleika

Ábyrgðaraðili:

Akveðinn af ferðamálafélagi

Samstarfsaðilar:

Bæjaryfirvöld á Sauðárkróki og Siglufirði

Framkvæmdarlýsing - hugmyndir:

Nauðsynlegt er að kanna hver viðhorf og stefna bæjaryfirvalda á Sauðárkróki og Siglufirði er til þess að vinna að auknu framboði á afþreyingu fyrir ferðamenn á háannatíma

Tímaáætlun:

Svör ættu að geta legið fyrir haustið 1996

Kostnaðaráætlun - fjármögnun:

Kostnaðurinn lítill sem enginn við þessa könnun, en bæjaryfirvöld gætu þurft síðar að finna fjármagn til e.h. framkvæmda

Framkvæmdaáætlun fyrir ferðaþjónustu í Skagafirði og á Siglufirði	
Framkvæmd: B.13. Veitingar á Hofsósi	Markmið: I
	Stefna: B. Uppræta veikleika
Ábyrgðaraðili: Ákveðinn af ferðamálafélagi	
Samstarfsaðilar: Ferðaþjónustuaðilar á Hofsósi og Hofshreppur	
Framkvæmdarlýsing - hugmyndir: Það gæti staðið uppbyggingu ferðaþjónustunnar á Hofsósi fyrir þrifum að þar vantar algerlega matsölu. Þar sem gistingu er að finna má matsalan ekki vera fjarri. Úrbætur eru nauðsynlegar á þessu vandamáli, en ekki ljóst hver ætti að taka það að sér. Athuga þarf hvort hugsanlegt sé að breyta aðstöðunni á Hótelinu til þessa	
Tímaáætlun: Svör ættu að geta legið fyrir haustið 1996	
Kostnaðaráætlun - fjármögnun: Kostnaðurinn litill en einhver yrði að taka að sér rekstur og uppsetningu matsölu.	